

BORGARRÁÐ 25.10.2018: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um viðbrögð við úttekt Innri endurskoðunnar á rekstri Félagsbústaða - R18100356

Í júní 2012 skilaði Innri endurskoðun Reykjavíkur skýrslu um úttekt á rekstri, stjórnarháttum og hlutverki Félagsbústaða hf. Í niðurstödukafla skýrslunnar kemur þetta fram:

Niðurstaða 1., „Að stjórn setji sér starfsreglur þar sem kveðið er á um framkvæmd starfa hennar, eins og segir í 20. gr. samþykktar fyrir Félagsbústaði hf. og í lögum um hlutafélög. Hefur þessi ábending komist í framkvæmd?

Niðurstaða 2., „Mælt er með því að stjórn Félagsbústaða setji starfsemi fyrirtækisins siðareglur, þar sem hlutverk þeirra er að draga fram megingildi starfseminnar. Þá er um leið auðveldara að bregðast við siðferðislegum álitamálum á vinnustað.“ Hefur þessi ábending komist í framkvæmd?

Niðurstaða 3., „Skerpa þarf á stöðu og hlutverki Félagsbústaða gagnvart snertiflötum við hlutverk Velferðarsviðs þar sem í samþykkt félagsins er annars vegar vísað í að fylgja eftir ákvæðum húsaleigulaga nr. 36/1994 en hins vegar að taka mið af skyldum sem á sveitarfélagi hvíla samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/199198.“ Hefur þessi ábending komist í framkvæmd?

Niðurstaða 4. „Framsetning á framtíðarsýn og meginmarkmiðum þarf að vera skrifleg og aðgengileg starfsmönnum og í framhaldi af því séu skilgreindir lykilárangursmælikvarðar. Marka þarf almenna innkaupastefnu, þar sem m.a. er mótuð stefna um samskipti við verktaka og birgja. Þannig má enn frekar byggja upp traust og gagnsæi í viðskiptaháttum.“ Hefur þessi ábending komist í framkvæmd?

Niðurstaða 5. „Mikilvægt er að eftirlit stjórnar og stjórnenda einskorðist ekki eingöngu við fjárhagslegt eftirlit og jafnframt sé litið til árangurs með tilliti til annarra markmiða. Mikilvægt er að framkvæmdaáætlun sé útfærð enn frekar, t.d. með tímaáætlun, brotin upp og taki tillit til fleiri lykilorða í rekstri.“ Hefur þessi ábending komist í framkvæmd?

Niðurstaða 6. „Til að bæta starfsemina enn frekar gæti fyrirtækið þróað kerfisbundið áhættumat. Helstu áhættuþættir sem ógna markmiðum fyrirtækisins yrðu greindir og viðbrögð skilgreind, þ.e. viðunandi innri eftirlitsþættir innleiddir til að bregðast rétt og tímanlega við. Hjá Félagsbústöðum felst viss áhætta í því hve mikið fyrirtækið er háð þarfagreiningu Velferðarsviðs í allri sinni áætlunargerð. Endurskoða þarf uppbyggingu biðlista til þess að hann sýni brýna þörf á félagslegu húsnæði. Huga þarf að formlegri áhættugreiningu í tengslum við fjárstýringu félagsins. Hafa þessar ábendingar komist í framkvæmd?

Niðurstaða 7. „Nauðsynlegt er að stjórn og stjórnendur Félagsbústaða vinni úr athugasemdum ytri endurskoðenda þar sem m.a. er bent á að: 1. Stjórn Félagsbústaða þurfi að setja sér upplýsingaöryggisstefnu og öryggishandbók. Nauðsynlegt er að allar verklagsreglur, ferlar og lýsingar séu skilgreindar og skjalfestar. 2. Skilgreina þarf ábyrgðarskiptingu milli framkvæmdastjóra og kerfisstjóra, varðandi rekstrar- og aðgangsröyggi upplýsingakerfa og áreiðanleika gagna. Slík vinna myndi skila félaginu haldgóðri upplýsingahandbók um upplýsingatæknimál og upplýsingaöryggismál.“ Hafa þessar ábendingar komist í framkvæmd?